

Fundur FFÁ mánudaginn 3. febrúar 2014 kl. 20.30

Mættir voru: Halldóra, Hrefna, Anna, Þóra og Örn.

1. Buffin

Við ætlum að reyna að selja þau buff sem ekki seldust síðast næsta vor og einnig fyrir næstu Ljósanótt. Fyrirkomulagið á sölu var rætt og spurning hvort hægt sé að fá Hrafnhildi ritara til að afhenda seld buff.

2. Fyrirlestrar

Þorgrímur Þráinsson er með fyrirlestur fyrir foreldra unglunga í 8.-10. bekk, 11. febrúar. Einnig ætlum við að reyna fá Selmu og föður hennar til okkar. Við ætlum að reyna að finna einhvern fyrirlestur fyrir yngstu nemendur skólans.

3. Nemendafélag

Mikið rætt um hvort að nemendafélagið ætti ekki að halda diskótek fyrir yngstu krakkana og miðstigs krakkana. Einnig var rætt um hvort að ekki væri hægt að halda einhvern viðburð fyrir alla nemendur unglingadeildar og svo eitthvað annað fyrir flott á fíknar. Því það er svo mikilvægt að allir geti sótt viðburði hvort sem þeir eru í flott án fíknar eða ekki.

4. Fundur með stjórnendum

Eiga kennarar að halda bekkjarkvöld fyrir nemendur því okkur finnst eitthvað fara lítið fyrir því. Rökin fyrir því að nemendafélagið ætti að sjá bara um viðburði á unglingastigi voru þau að kennarar fengju borgað aukalega til að halda hittinga með bekknum.

5. Styrkir og gjafir

Foreldrafélagið styrkir eftirfarandi:

- Vorferð 10. bekkjar
- Vorferð 1. bekkjar
- Fyrirlestrar
- Rúta á Skólahreysti
- Barmblóm
- Páskaegg á bingói
- Sumargjafir
- Ég og þú, þú og ég.
- 7. bekkjarferð í Reykjaskóla

6. Ég og þú, þú og ég

Verður haldið 6. og 13. mars fyrir 4.-7. bekk. Ætlum að senda póst á foreldra til að sjá um einhverjar stöðvar. Lykilatriði svo þetta haldi áfram að blómstra.

7. Páskabingó

Páskabingó verður haldið 2. apríl. Það þarf að kaupa páskaegg og ætlum við að heyra hvort að Nettó vilji styrkja okkur í þessu. Mikilvægt að vera með aukavinninga.

8. Heimanám

Miklar umræður um hvort eigi að setja einhverjar línur heilt yfir um heimanám líkt og Stóru-Vogaskóli gerir. Engin ákvörðun tekin um það mál.

9. Foreldrasamningar

Við viljum hvetja bekkjarforeldra til að gera foreldrasamning til að samræma ýmislegt hjá foreldrunum t.d. svefntíma, tölvutíma, afmælisgjafir og svo framvegis.

10. Jólaföndur

Setja saman punkta yfir það sem vel gekk og það sem miður gekk á jólaföndrinu.

Annað

Ræddum við um umsagnir á vitnisburðablöðunum en okkur fannst upptalningin á námsefni vetrarins væri óþörf. Mætti einungis verða umsagnir um námsárangur.